

Fundargerð

10. fundur í umhverfis-skipulags og bygginganefnd.

Fimmtudaginn 12. júlí kom umhverfis-skipulags og bygginganefnd saman til fundar að Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, fundur hófst kl. 16:05.

Mættir: Sigurður Jóhannes Jónsson, Konráð Jóhannsson, Jóhanna Helgadóttir, Kristján Úlfarsson, Steinn Karlsson og einnig sátu fundinn Gaukur Hjartarson, byggingafulltrúi Norðurþingeyinga og Ólafur Stefánsson, slökkviliðsstjóri Langanesbyggðar.

Dagskrá.

1. Mál. Erindi frá Hraðfrystistöð Þórshafnar. Óskað eftir leyfi fyrir viðbyggingu við Hraðfrystistöð Þórshafnar.

Gaukur lagði fram teikningar frá Teiknistofu PZ ehf. Ekki er til deiliskipulag af svæðinu. Fyrirhuguð bygging er ekki í ósamræmi við aðalskipulag. Nefndin telur heppilegra að frystiklefinn verði byggður norðan við núverandi byggingu en fellst á byggingu hússins svo fremi að ekki komi fram athugasemd við grenndarkynningu og að meðbæli fái frá Skipulagsstofnun skv. 3.t1. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingalaga.

Grenndarkynning nær eingöngu til Eyrarvegar 3. Samþykki nefndarinnar er háð samþykki heilbrigðiseftirlits, Vinnueftirlits og Brunamálastofnunar. Sýna þarf fram á fullnægjandi fjölda bílastæða á afstöðumynd.

Bókun frá Konráði Jóhannssyni.

“Undirritaður leggst alfarið gegn staðsetningu á umsóttum stað og leggur til að sveitarstjórn fari í viðræður við umsækjendur nú þegar um staðsetningu norðan við núverandi byggingu”.

2. Mál. Umsókn um leyfi til byggingar íbúðarhúss í landi Tungusels.

Nefndin samþykkir erindið. Þar sem nefndinni er kunnugt um að húsið verði flutt frá Bakkafirði áréttar nefndin á að lóðarhafi gangi frá lóðinni á viðunandi hátt.

3. Mál. Óskað eftir leyfi til að klæða íbúðarhúsið að Austurvegi 2.

Samþykkt samhljóða.

4. Mál. Óskað eftir að klæða íbúðarhúsið að Fjarðarvegi 37.

Samþykkt samhljóða.

5. Mál. Óskað eftir leyfi til að klæða íbúðarhúsið að Lækjarvegi 7.

Samþykkt samhljóða.

6. Mál. Bílastæði við Austurveg 4.

Nefndin leggur til að unnið verði deiliskipulag þar sem svipuð vandamál eru til staðar.

7. Mál. Endurbætur á húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn.

Samþykkt að Axel Gunnarsson verði fulltrúi USB.

8. Mál. Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum.

Ósk um umsögn um drög að svæðisskipulagi. Nefndin gerir ekki athugasemd við erindið.

9. Mál. Félagsmálaráðuneytið. Frumvarp til laga um réttindi og skyldur eigenda og leigjenda lóða í skipulagðri frístundabyggð.

USB gerir ekki athugasemd við frumvarpsdrögin. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:50.

Jóhanna Helgadóttir, ritari.